

## Skýrsla

um aðalfund amtsráðsins í Austuramtinu 23.—26. júlí 1900.

Arið 1900, mánudaginn 23. júlí var aðalfundur amtsráðs Austuramtsins settur og haldinn á Seyðisfirði af amtmanni Páli Briem, aðalamtsráðsmanni Austurskaptafellssýslu Þorgrími hjeraðslækni Þórðarsyni á Borgum, aðalamtsráðsmanni Norðurþingeyjarsýslu Árna hreppstjóra Kristjánssyni í Lóni, vara amtsráðsmanni Suðurmúlasýslu Friðrik Möller kaupmanni á Eskifirði, en aðalamtsráðsmaður Norðurmúlasýslu Einar prófastur Jónsson í Kirkjubæ var ókominn í byrjun fundarins, en kom litlu síðar.

A fundinum voru þessi mál tekin til umræðu:

1. Forseti lagði fram reikninga yfir tekjur og gjöld eptirfylgjandi sjóða 1899 með fylgiskjölum:
  - a. Jafnaðarsjóðs Austuramtsins.
  - b. Búnaðarsjóðs ———
  - c. Búnaðarskólasjóðs ———
  - d. Gjafasjóðs Guttorms prófests Þorsteinssonar.
  - e. Gjafasjóðs Pjeturs sýslumanns Þorsteinssonar.
  - f. Bókasafns Austuramtsins.

Jafnframt skýrði forseti frá sölu á kgl. skuldabryjefum nokkurra af sjóðum þessum.

Amtsráðsmönnum Norðurmúlasýslu og Norðurþingeyjarsýslu var falið að rannsaka jafnaðarsjóðsreikninginn, en amtsráðsmönnum Suðurmúla- og Austurskaptafellssýslu var falið að rannsaka hina reikningana.

2. Forseti lagði fram alla sýslusjóðs- og vegasjóðsreikninga 1899 úr öllum sýslum í amtinu. Amtsráðsmönnum Norðurþingeyjarsýslu og Norðurmúlasýslu var falið að rannsaka reikningana úr Suðurmúla- og Austurskaptafellssýslu, en amtsráðsmönnum Suðurmúla- og Austurskaptafellssýslu var falið að rannsaka hina reikningana.
3. Forseti lagði fram skýrslu um fjárkláða í Norður- og Austuramtinu og allmörg skjöl um það mál. Amtsráðið athugaði og ræddi málið rækilega og gjörði síðan þessar ályktanir:
  - a. Eptir þeim skjölum og upplýsingum, sem fyrir lágu, verður amtsráðið að telja allt svæðið milli Jökulsánnna kláða-grunað, og fyrir því ákveður það, að skora á forseta að ákveða tvennar baðanir á sauðfje á öllu þessu svæði.

Böðunin á að fara fram næsta haust, sem fyrst eptir að fjeð er tekið í hús, þó svo að henni sje lokið fyrir lok nóvbr.mánaðar næstkomandi. Þar sem alveg sjerstaklega stendur á, má fresta böðunum fram til ársloka, ef hreppstjóri og aðstoðarmenn leyfa allir, og taka að sjer að sjá um, að samgöngur sauðfjárins verði engar við aðrar sveitir. Böðun sauðfjárins á að fara nákvæmlega fram eptir fyrirsögnum Magnúsar Einarssonar dýralæknis undir umsjón hreppstjóra og aðstoðarmanna hans.

- b. Amtsráðið ákveður að leggja baðlyf til ókeypis, og að verja til þess allt að 5000 kr., og felur forseta sínum að annast um kaup og flutning á baðmeðulum þessum.
- c. Amtsráðið ákveður, að veita allt að 2000 kr. til þess að launa mönnum, sem sjerstaklega hafa umsjón með lækning og útrýming fjárkláðans á stærri eða minni svæðum, eptir því sem forseti ákveður nánar.
- d. Amtsráðið ákveður, að fela forseta sínum að fyrirskipa baðanir á sauðfje í Keldunesshreppi vestan Jökulsár (Stórár), eins og þær eru fyrirskipaðar í Norðuramtinu.
- e. Amtsráðið ákveður að fela forseta sínum, að banna allan fjárflutning austur yfir Jökulsá (Stóra) í Axarfirði nema á útflutningsfje og slátursfje, en þó skuli það fje, þangað til það er flutt á skip eða slátrað, vera í stöðugri gæzlu, er eigandi kostar, og sem hlutadeigandi hreppstjóri tekur gilda, svo og að bannaður sje fjárflutningur vestur yfir Jökulsá, nema það eigi heima vestan megin árinna, eða það sje ætlað til slátrunar eða útflutnings, svo og að aðflutningar sauðfjárins fari fram undir umsjón, er hlutadeigandi hreppstjóri tekur gilda.
- f. Amtsráðið ákveður að fela forseta sínum, að banna fjárflutning yfir Jökulsá á Brú, nema því að eins að fjeð sje baðað tvennum böðunum, sem trygg sjeu til varnar gegn kláða.
- g. Amtsráðið ákveður að fela forseta sínum, að brýna fyrir hreppstjórum og aðstoðarmönnum þeirra, að hafa vakandi auga á heilbrigðisástandi sauðfjárins næsta vetur og vor, og að hafa rækilega umsjón með því, að fjárbaðanir fari vel fram og reglulega.
- h. Amtsráðið ákveður að fela forseta að fyrirskipa nákvæmar skoðanir á öllu útflutningsfje á útskipunarstöðunum næsta haust.
- i. Amtsráðið álitur að það sje lífsnaudsýn fyrir landbúnaðinn, að fjárkláðanum verði útrýmt, og fyrir það felur það forseta sínum, að fara þess á leit við stjórnina, að hún taki að nýju til ihugunar, hvernig þessu verði framgengt, og ef stjórnin eigi vill adhyllast þær tillögur, sem amtsráðið hefir áður gjört í málinu, að hún þá vilji leggja fyrir alþingi frumvarp til laga þess efnis, að amtsráðinu sje veitt heimild til þess að setja samþykkt um útrýmingu fjárkláðans í amtinu, með laga gildi, og að stjórnin taki upp í frumvarp til fjárlaga 1902 og 1903 fjárveitingu til amtsráðsins til útrýmingar fjárkláðanum að upphæð 5000 kr. hvort árið.
4. Framlagðir voru reikningar viðkomandi Austuramtinu, eptir að þeir höfðu verið endurskoðaðir af hlutadeigandi amtsráðsmönnum, og voru þeir síðan samþykktir án athugasemda.
5. Framlagðir voru sýslusjóðsreikningarnir endurskoðaðir af hlutadeigandi amtsráðsmönnum og voru þeir úrskurðaðir á þessa leið:
- a. Við reikning Austurskaptafellssýslu þótti ekkert að athuga.
- b. Við reikning Suðurmúlasýslu þótti athugasemdir:
1. Í gjaldal. IV. um hundainngjafir er talin borgun fyrir vegaskoðun

- að upphæð 32 kr. (fsk. 29), sem hefði átt að vera talin í ýmislegum gjöldum.
2. Í sama gjaldal. er eigi tilgreint í reikningi yfir kostnað við hundainngjafir í Reyðarfjarðarhreppi fyrir hvern tíma menn reikna sjer borgun. Sjerstaklega virðist amtsráðinu athugavert, að Magnús nokkur Marteinsson fær 8 kr. fyrir að gefa inn 13 hundum á 5 bæjum í Vöðlavík.
  3. Í sama gjaldal. vantar kvittun fyrir 6 kr af þeim 12 kr. 10 aur., sem hundainngjafir í Norðfjarðarhreppi hafa kostað samkvæmt fsk. nr. 42, og ber því að senda hana.
  4. Yfirlit yfir eigur og skuldir sýslunnar vantar, og ber að senda það eptirleiðis.
  5. Það sjest eigi að reikningurinn hafi verið borinn undir samþykki sýslunefndarinnar, og ber að gæta þess eptirleiðis.
- c. Við reikning Norðurmúlasýslu þótti ekkert að athuga.
- d. Við reikning Norðurþingeyjarsýslu þótti athugavert:
1. Sýslusjóðsgjaldinu er eigi rjettilega skipt niður milli fasteigna og lausafjárhundraða á eina hlið og verkfærra manna á hina hliðina, en af því þetta hefir eigi nein áhrif á aðalupphæðina, má við svo búið standa í þetta sinn.
  2. Reikninga og skýrslur um hundalækniegar vanta, og ber að senda þessi skjöl.
  3. Yfirlit yfir eignir og skuldir sýslunnar vantar, og ber að senda það eptirleiðis.
6. Framlagðir voru sýsluvegasjóðsreikningarnir, endurskoðaðir af hlutaðeigandi amtsráðsmönnum. og voru þeir úrskurðaðir á þessa leið:
- a. við reikning Austurskaptafellssýslu þótti athugavert:
1. Reikningshaldari borgi úr sýsluvegasjóði kr. 1,10, sem vantaldir eru samkvæmt viðurkenndri athugasemd á reikningnum.
  2. Í fylgiskjali 10 er fyrir 3 dagsverk á kr. 2,25 greitt kr. 7,25 í staðinn fyrir kr. 6,75. Reikningshaldari heimti því inn hina ofborguðu 50 a.
  3. Í fylgiskjali 31 eru oftaldir 84 a., sem sem reikningshaldara ber að heimta inn.
- b. Við reikning Suðurmúlasýslu þótti athugavert:
1. Í verkfærraskýrslum Fáskrúðsfjarðarhrepps vantar að tilgreina aldur 17 manna, Norðfjarðarhrepps 8 manna, Geithellnahrepps 3 manna og Reyðarfjarðarhrepps 1 manns. Slíkt má eigi koma fyrir eptirleiðis.
  2. Amtsráðið tekur það fram, að það sje æskilegt, að verkstjórar skýri eptirleiðis frá því, í hverju vegagjörðir þær, er þeir láta vinna, sjeu fólgnar.
- c. Við reikning Norðurmúlasýslu þótti ekkert athugavert.
- d. Við reikning Norðurþingeyjarsýslu sómuleiðis.

7. Framlagt var brjef sýslumannsins í Norðurmúlasýslu frá 3. maí þ. á. ásamt breytingu á fjallskilareglugjörð Norðurmúlasýslu. **86**

Amtsráðið samþykkti breytinguna og skyldi hún öðlast gildi 1. septbr. þ. á.

8. Forseti skýrði frá, að lög frá 26. febr. 1898, um horfelli á skepnum væru úr gildi numin, en í þeirra stað væru aptur komin lög um sama efni frá 9. febr. þ. á. Samkvæmt 6. gr. í lögum þessum samdi amtsráðið fyrirmynd fyrir skoðun á heyforða og skepnuhöldum, er skoðunarmenn þeir, sem lög þessi gjöra ráð fyrir, eiga að gefa um skoðanir sínar á hverjum vetri.

9. Framlögð voru eptirrit úr gjörðabókum allra sýslunefnda í amtinu:

a. Norðurbíngingeyjarsýslu frá 9.—11. apríl þ. á.

b. Norðurmúlasýslu frá 17.—20. s. m.

c. Suðurmúlasýslu frá 25. ágúst f. á. og 19.—21. apríl þ. á.

d. Austurskaptafellssýslu frá 9.—10. maí þ. á.

Amtsráðið yfirfór fundargjörðir þessar. Við fundargjörðirnar úr Suðurmúlasýslu þótti athugasemjulegt, að reikningar um styrktarsjóði alþýðufólks höfðu eigi verið lagðir fram, og að eigi höfðu verið kosnir 2 menn til að endurskoða þá, eins og ákveðið er í lögum 18. des. 1897. Ennfremur hafði sýslunefndin ákveðið að taka veginn frá Oddsskarði að Nesi í Norðfirði í sýsluvega tölu, en með því að sýslunefndin hefir eigi heimild til þess án leyfis amtsráðsins, þá fellir amtsráðið þessa ráðstöfun sýslunefndarinnar úr gildi. Að öðru leyti var ekkert athugasemjulegt við fundargjörðir sýslunefndanna.

10. Forseti skýrði frá því, að hann hefði uppá væntanlegt samþykki amtsráðsins, samþykkt að sýslunefnd Austurskaptafellssýslu mætti taka allt að 1000 kr. lán fyrir hönd sýsluvegasjóðs, er afborgist á 10 árum, og 1000 kr. lán fyrir hönd sýslusjóðs, er afborgist á 15 árum, til vegagjörða. Amtsráðið samþykkti þetta.

11. Framlagðir voru reikningar búnaðarskólans á Eiðum, bæði yfir tekjur og gjöld skólans 1899—1900, og jafnaðarreikningur skólabúsins 6. júní 1900 ásamt skýrslum um skólann. Amtsráðið rannsakaði reikningana og samþykkti þá síðan án athugasemda.

12. Framlagt var erindi frá 3 sýslunefndarmönnum úr Norðurmúlasýslu, dags. 21. apríl þ. á., þar sem þeir beiðast úrskurðar amtsráðsins um það, hvernig rjettilega beri að haga atkvæðagreiðslu á sameiginlegum sýslufundum Múlasýslanna.

Fyrir því tekur amtsráðið fram, að það sje eigi gjört ráð fyrir því í sveitarstjórnarlögum, að sýslunefndirnar geti greitt atkvæði öðruvísi, en hvor út af fyrir sig, þó að málin sjeu rædd í sameiningu af einni eða fleiri sýslunefnd, og verði því atkvæðagreiðslan að fara fram í hvorri sýslunefnd út af fyrir sig, til þess að hún geti orðið bindandi fyrir þær.

En að öðru leyti tekur amtsráðið það fram, að málefni þetta heyri undir úrskurð dómstólanna.

- 86 13. Framlagt var brjef sýslumannsins í Norðurmúlasýslu dags. 3. maí þ. á., þar sem hann ber fram þá beiðni sýslunefndarinnar þar, að amtsráð Austuramtsins taki að sjer yfirstjórn Eiddaskólans á líkan hátt og amtsráð Norðuramtsins hefir tekið að sjer yfirstjórn skólans á Hólum.

Amtsráðið tók fram, að þar sem sýslunefnd Suðurmúlasýslu hefði eigi látið álit sitt í ljósi um þetta mál, þá fyndi það ekki ástæðu til að taka neina ákvörðun um það, en fól forseta að leita álita sýslunefndarinnar um málið.

14. Lagt var fram bónarbrjef frá stjórn kvennaskóla Eyfirðinga frá 25. f. m., um venjulegan styrk til kvennaskóla þessa úr jafnaðarsjóði, og brjef frá sýslumanninum í Húnavatnssýslu frá 27. marz þ. á., um 100 kr. styrk til kvennaskólans á Ytri Ey. Ennfremur voru lagðir fram reikningar skólanna og skýrslur um próf á skólunum síðastliðið vor.

Amtsráðið samþykkti að veita skólum þessum hvorum fyrir sig 100 kr.

15. Framlagt var brjef frá frú Elinu Eyjólfsson f. Briem um 150 kr. styrk til hússtjórnarskólans næsta ár.

Amtsráðið ákvað, að fela forseta, að sækja um þessa upphæð til búnaðarfjelds Íslands, en ef fjelagið vildi eigi veita fjeð, þá skyldi upphæðin greidd úr jafnaðarsjóði.

16. Framlagt var brjef frá sjúkrahúsnefndinni á Seyðisfirði, dags. 25. þ. mán., um 300 kr. styrk til sjúkrahússins.

Amtsráðið veitti þessa upphæð.

17. Framlagt var brjef frá hjeraðslækni Jóni Jónssyni á Vopnafirði, dags. 18. þ. m., viðvíkjandi bólusetningu sauðtjár og tillögur hans um það efni.

Amtsráðið samþykkti að fela læknum útvegum á bóluefni til amtsins í heild sinni, svo og að úthluta bóluefninu til þeirra manna, sem hann hefir vissu um, að muni kunna að bólusetja sauðfje.

Jafnframt ákvað amtsráðið að veita tjeðum lækni 100 kr. þóknun fyrir ómak sitt við útvegum og sendingu bóluefnisins, svo og að borga kostnað við flutning og sending þess, er skyldi greiðast af jafnaðarsjóði, og ákvað amtsráðið og, að bólusetjararnir skyldu fá hjá fjáreigendum 10 a. fyrir hverja kind, er þeir bólusetja, og ennfremur skyldu fjáreigendur greiða þá upphæð, er bóluefnið kostar, ef það eigi fæst ókeypís.

Amtsráðið væntir, að hjeraðslæknirinn sendi því á sfnum tíma skýrslu um bólusetningarnar.

18. Forseti skýrði frá því, að búnaðarfjelag Íslands hefði verið stotnað síðastliðið sumar, og að fulltrúar amtsráðsins hefðu fyrir hönd þess samþykkt lög fjelagsins og skuldbundið sig fyrir hönd þess til að greiða árlegt tillag til fjelagsins að upphæð 200 kr. á ári.

Forseti lagði jafnframt fram brjef frá stjórn búnaðarfjeldsins viðvíkjandi fjárveitingum til búnaðarmála, frá 14. maí þ. á., og brjef forseta til fjelagsins viðvíkjandi búnaðarmálum.

Forseti lagði einnig fram:

- a. Brjef frá skólastjóra Jónasi Eiríkssyni á Eiðum, dags. 21. þ. m., þar sem

hann skýrir frá, að ástæður hans leyfi honum eigi að ferðast til annara búnaðarskóla á landinu, og að hann geti því eigi notað þann 300 kr. styrk, er amtsráðið veitti honum í fyrra.

- b. Brjef frá sýslumanni Norðurmúlasýslu, dags. 3. maí þ. á., þar sem hann ber fram þá beiðni sýslunefndarinnar þar, að amtsráðið stuðli til þess, að dýralæknir landsins rannsaki nú í sumar berklaveiki í kúm í Múla-sýslum, og skýrir frá, að sýslunefndin hafi veitt uppi kostnað við þetta 100 kr. úr sýslusjóði.
- c. Brjef sýslumannsins í Norðurmúlasýsla, dags. 3. maí þ. á., þar sem hann ber fram þá beiðni sýslunefndarinnar þar, að amtsráðið fari þess á leit við Búnaðarfjelag Íslands, að það láti velhæfan jarðyrkjumann ferðast um landið til þess að reyna að vekja áhuga manna á jarðabótum og leiðbeina bændum í því efni. Amtsráðið tók til rækilegrar ihugunar búnaðarmálin og ályktaði síðan:
1. Að fela forseta að skrifa stjórn Búnaðarfjells Íslands viðvikjandi sjúkdómum fjenaðarins: fjárkláða, miltisbrandi, berklaveiki og næmri sóttarpest, og fara þess á leit, að hún taki þessa sjúkdóma til rannsóknar og ihugunar, undirbúi málið til næsta búnaðarpings og gjöri þar til-lögur um ráðstafanir gegn sjúkdómum þessum.
  2. Að fela forseta að fara þess á leit við stjórn Búnaðarfjells Íslands, að það sendi velhæfan jarðyrkjumann, sem ferðist um amtið til þess að reyna að vekja áhuga manna á jarðabótum og leiðbeina bændum í því efni.
  3. Að fela forseta að fara þess á leit við stjórn Búnaðarfjells Íslands, að taka búnaðarskólamálin til rækilegrar ihugunar og undirbúnings undir næsta þing.
  4. Að fela forseta að rita stjórn búnaðarfjellsins um, að mikil nauðsyn sje á, að skipaður verði auk þeirra ráðanauta, sem fjelagið hefir nú, vísindalega menntaður maður, sem ráðanautur fjellsins í öllum hin-um þýðingarmestu búnaðarmálum, sem gæti eingöngu gefið sig við því að leiðbeina og fræða, svo að landið gæti fylgzt með búnaðarframför-um útlendra þjóða.
  5. Að fela forseta að rita stjórn Búnaðarfjells Íslands um, að leita sam-bands við hin einstöku búnaðarfjellög á landinu og kynna sjer störf þeirra og hag.
19. Amtsráðið kaus því næst 2 aðalmenn til búnaðarpings Íslands og hlutu kosn-ingu amtmaður Páll Briem á Akureyri og sjera Einar Þórðarson, prestur á Hofteig, svo og 2 varamenn og hlutu kosningu sjera Einar Jónsson prófast-ur á Kirkjubæ og Jónas Eiríksson skólastjóri á Eiðum.
20. Amtsráðið fól forseta að leita samþykkis landshöfðingja til að taka 6000 kr. lán til útrýmingar fjárkláðanum, er afborgist á 10 árum, og veitti forseta eða þeim, er hann setti í sinn stað, fullkomið umboð til að taka umgetið lán

86 úr einhverjum sjóði, svo og til þess að undirskrifa fyrir þess hönd skulda-  
brjef fyrir láninu.

21. Var samin og samþykkt svohlóðandi

Á æ t l u n

um tekjur og gjöld jafnaðarsjóðs Austuramtsins 1901.

T e k j u r :

1. Lán til útrýmingar fjárkláðanum . . . . .	6000 kr.
2. Væntanlegar eptirstöðvar . . . . .	1000 —
3. Jafnaðarsjóðsgjald . . . . .	4000 —
	Samtals <u>11000 kr.</u>

G j ö l d :

1. Kostnaður við amtsráðið . . . . .	1000 kr.
2. Til menntamála:	
a. Til bókasafns Austuramtsins . . . . .	500 kr.
b. — kvennaskóla á Ytri Ey . . . . .	100 —
c. — kvennaskóla Eyfirðinga . . . . .	100 —
d. — hússtjórnarskólans í Rykjavík . . . . .	150 —
e. — bóka- og áhaldakaupa Eiðaskóla . . . . .	100 —
f. — Eiðaskólans . . . . .	300 —
3. Til spítala á Seyðisfirði . . . . .	300 —
4. — kostnaðar við bólusetningu sæuðfjár . . . . .	125 —
5. — Búnaðarfelags Ísl. og ferðakostnaðar fulltrúa til búnaðarþings . . . . .	500 —
6. — útrýmingar fjárkláðanum . . . . .	7500 —
7. — leikfimisfelags Eskifjarðar . . . . .	50 —
8. — óvissra útgjalda . . . . .	275 —
	Samtals <u>11000 —</u>

Fleiri mál komu eigi til umræðu, fundarbók upplesin og samþykkt, og var svo fundi stítið 26. júlí.

Páll Briem. Friðrik Möller. Árni Kristjánsson. Þorgr. Þórðarson.

Rjetta útskrípt staðfestir

*Páll Briem.*